

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Beiðni um fjárframlag til reksturs Bjarkarhlíðar, miðstöð fyrir polendur ofbeldis starfsárið 2027.

Bjarkarhlíð er miðstöð fyrir polendur ofbeldis og var opnuð á höfuðborgarsvæðinu 2017. Hún sinnir mikilvægri þjónustu við polendur ofbeldis af öllum kynjum og er opin polendum af öllu landinu. Bjarkarhlíð er gjaldfriðs þjónusta í samstarfi Reykjavíkurborgar, Félags- og húsnæðismálaráðuneytis, Dómsmálaráðuneytis, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta og Kvennaráðgjafarinnar.

Starfsemin er að hluta til byggð á bandarískri fyrirmynd (Family Justice Centers) þar sem meginmarkmiðið er að polendur fái, á einum stað, þá þjónustu sem á þarf að halda í kjölfar ofbeldis. Þjónustan er samhæfð öðrum úrræðum og veitir fólki ráðgjöf sem er 18 ára og eldra og beitt hefur verið ofbeldi. Einkum þeim sem hafa verið beittir kynferðisofbeldi, ofbeldi í nánnum samböndum eða eru brotáðilar í mansalsmálum og/eða vændi. Veitt er fræðsla og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis auk námskeiða um birtingamyndir ofbeldis og afleiðingar þess.

Starfsemi Bjarkarhlíðar hefur fest sig í sessi og er hún leiðandi á meðal polendamiðstöðva á Íslandi og víða erlendis. Þá hefur hún tekið að sér fleiri verkefni eins og mansalsverkefni fyrir félags- og húsnæðismálaráðuneytið og þjónustu við polendur ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þá er Bjarkarhlíð í virku samstarfi við önnur samtök og stofnanir sem sinna þjónustu við polendur ofbeldis á Íslandi.

Hjá Bjarkarhlíð starfa þrír ráðgjafar í kjarnastarfseminni, ásamt ráðgjafa í 50% stöðugildi sem sinnir ráðgjöf og stuðningi við polendur ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum. Sá ráðgjafi fer mánaðarlega á sex staði: Ísafjörð, Hólmavík, Patreksfjörð, Grundarfjörð, Borgarnes og Akranes. Fjöldi þjónustunotenda á þessum svæðum hefur aukist ár frá ári eftir að verkefnið hófst. Þá er samhæfingarráðgjafi í 100% stöðu vegna mansalsmála en hlutverk hans er m.a. að bjóða upp á ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir polendur mansals auk þess að samhæfa aðgerðir þegar upp koma mansalsmál eða þegar grunur leikur á um slíkt.

Samtals taka ráðgjafar Bjarkarhlíðar á móti um 800 nýjum þjónustunotendum á hverju ári en að auki er eftirfarandi þjónusta:

- Ráðgjafi frá Kvennaathvarfinu er með fasta viðveru 3 daga í viku.
- Lögræðingar frá Kvennaráðgjöfinni veita ráðgjöf einn dag í viku.
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er með starfstöð í Bjarkarhlíð og er fulltrúi lögreglunnar þar í fullu starfi.
- Þjónustubré er á milli Bjarkarhlíðar og Stígamóta fyrir brotáðila kynferðislegs- og kynbundins ofbeldis.

Samtals hafa verið bókuð 2515 viðtöl það sem af er ári hjá ráðgjöfum Bjarkarhlíðar og samstarfsaðilum.

Í dag er biðtími eftir viðtali í Bjarkarhlíð um 6 vikur, sem er alltof langur tími þar sem margir sem til okkar leita eru í mjög viðkvæmri stöðu og jafnvel í mikilli hættu. Þau þurfa oft á stuðningi að halda eins fljótt og auðið er. Til að stytta biðtímann þarf að auka við stöðugildi í Bjarkarhlíð.

Rekstrarsamningur Bjarkarhlíðar við félags- og húsnæðismálaráðuneytið að andvirði 24,4 milljónir rennur út núna í desember 2026 og er framhaldið óráðið. Til viðbótar fékk Bjarkarhlíð rekstrarstyrk frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu að fjárhæð 15 milljónir króna sem greiddur var af tímabundinni fjárveitingu Alþingis til málaflokksins. Aðrar tekjur eru tilfallandi eins og stuðningur frá sveitarfélögum, VIRK, fyrirtækjum og frjálsum félagasamtökum.


Samningsbundnar tekjur Bjarkarhlíðar fyrir árið 2027 er sem sagt samstarfssamningur um mansalsmál upp á 15 milljónir, framlag lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 1,35 milljónir og húsnæðisstuðningur Reykjavíkurborgar eða samtals 16,35 milljónir. Annað er ekki í hendi.

Ljóst er að ef Bjarkarhlíð nær ekki að fjármagna rekstur sinn fyrir árið 2027 er nauðsynlegt skera niður starfsemi Bjarkarhlíðar og skerða þar með nauðsynlega þjónustu við þolendur ofbeldis og mansals á Íslandi.

Til að tryggja áframhaldandi starfsemi Bjarkarhlíðar árið 2027 þarf 44,4 milljónir á ári umfram það sem er samningsbundið samkvæmt samningi um þjónustu vegna mansals. Til að viðhalda staðbundinni þjónustu við Vestfirði og Vesturlandið, sem stjórn Bjarkarhlíðar telur mjög mikilvægt, þarf 10 milljónir að auki, samtals 54,4 milljónir á ári.

Vegna þessarar alvarlegu stöðu leitar stjórn Bjarkarhlíðar til fjárlaganefndar með beiðni um fjárframlag frá Alþingi til þess að tryggja rekstur Bjarkarhlíðar á næsta ári.

Virðingarfyllst;



Þóra Jónasdóttir, formaður stjórnar Bjarkarhlíðar